

Kjaradeilusjóður FÍN

Ársreikningur 2023

Borgartúni 27
105 Reykjavík

Kt. 530169-4139

Kjaradeilusjóður FÍN

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar í Kjaradeilusjóði FÍN

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjaradeilusjóðs FÍN fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kjaradeilusjóði FÍN í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kjaradeilusjóðs FÍN. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sé eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 20. mars 2024

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Ársreikningur Kjaradeilusjóðs FÍN fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður ársins 2023 kr. 13.721.793. Hrein eign sjóðsins í árslok nam kr. 398.460.642.

Stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 20. mars 2024

Rekstrarreikningur 2023

Rekstrartekjur	Skýr.	2023	2022
Aðrar rekstrartekjur		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Rekstrargjöld			
Veittir styrkir		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Rekstrarhagnaður		0	0
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		13.539	6.910
Bankakostnaður		(1.354.761)	(1.346.586)
Fjármagnstekjuskattur		(4.047.278)	7.258.850
Hagnaður / (tap) af verðbréfum	3	19.110.293	(33.734.629)
		<u>13.721.793</u>	<u>(27.815.455)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>13.721.793</u>	<u>(27.815.455)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir

	<i>Skýr.</i>	2023	2022
Veltufjármunir			
Verðbréfaeign	3	398.208.716	384.345.567
Handbært fé		351.988	492.083
Veltufjármunir samtals		<u>398.560.704</u>	<u>384.837.650</u>
Eignir samtals		<u><u>398.560.704</u></u>	<u><u>384.837.650</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Eigið fé í upphafi	384.738.849	412.554.304
Hagnaður ársins	13.721.793	(27.815.455)
Eigið fé samtals	<u>398.460.642</u>	<u>384.738.849</u>

Skammtímaskuldir

Aðrar skuldir	100.062	98.801
Skammtímaskuldir samtals	<u>100.062</u>	<u>98.801</u>
Skuldir samtals	<u>100.062</u>	<u>98.801</u>

Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>398.560.704</u></u>	<u><u>384.837.650</u></u>
------------------------------------	---------------------------	---------------------------

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Kjaradeilusjóður FÍN er sjóður á vegum stéttarfélagsins Félags íslenska náttúrufræðinga. Lögheimili félagsins er að Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu, líkt og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan verðbréfaeign sem færð er á gangvirði. Stjórnendur sjóðsins hafa metið rekstrarhæfi hans og telja að sjóðurinn hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Tekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign er flokkuð sem fjáreign tilgreind á gangvirði í gegnum rekstur við upphaflega skráningu og færast gangvirðisbreytingar á rekstrarreikning sjóðsins.

	2023	2022
Arion banki	268.166.896	260.497.994
Íslensk verðbréf	160.430.923	150.421.103
Skuldb. vegna fjám.tsk. af óinnl. hagnaði verðbr.	<u>(30.389.103)</u>	<u>(26.573.530)</u>
	<u>398.208.716</u>	<u>384.345.567</u>

Gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning greinast þannig:

	2023	2022
Arion banki	8.524.107	(15.362.804)
Íslensk verðbréf	10.586.186	(18.371.825)
Samtals	<u>19.110.293</u>	<u>(33.734.629)</u>